

27/1/64

Garðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.

=====

1963.

=====

Suðurlandsumdæmi.

1. Almennt yfirlit:

Árið byrjaði með nokkurri frosthörku, en hægviðri fram í miðjan febrúar. Þá brá til sunnanáttar og hlýju, sem hélst allt þar til 9. apríl, að það rauk upp með norðanátt og frosti, allt að - 16 gr., og stóð þetta norðanbál til 16 apríl. Vorið var þurrt og kalt, sama er að segja um sumarið, það er varla hægt að tala um að sumar hafi komið í ár. Haustið var úrkomusamt og oft stormar, töluvert frost með norðanátt gerði þó um miðjan nóvember.

Í góðviðriskafnanum fyrir 9. apríl, var trjágróður mikið farinn að lifna og á veðursælustu stöðunum hér Sunnanlands eins og í Múlakoti, voru lauftré svo að segja allaufguð. miklir skaðar urðu því á trjágróðri, sérstaklega á skjólgóðum stöðum í lásveitum, þegar allt í einu gerði foráttu veður með 16 gráðu gaddi. Harðast kom það niður á alaskaösp og sitkagreni, þó skemmdust aðrar trjátegundir nokkuð t.d. sá ég undir Eyjafjöllum í sumar, ísl. birki og reynivið, sem hafði steindrepist. Múlakotsstöðin varð mjög hart úti t.d. hálf drápust allar alaskaaspirnar sem gróðursettar voru árin 1944 og 1949, 12 til 13 m. á hæð. Sitkagrenið bæði uppi á Kvíabólinu og niðri í stöðinni drapst flest allt, utan elstu trén, sem standa austast í stöðinni, þau voru græn í sumar, en áttu sýnilega mjög erfitt uppdráttar. Fjallapínur, sem dálítið var til af, mjög falleg tré, drápust utan 3 eða 4 tré. Sömu sögu er að segja af trjágróðri á skjólgóðum stöðum í lágveitum, á svæðinu frá Mýrdal og vestur að Hellisheiði. Í uppsveitum varð ekki eins mikill skaði, þó urðu töluverð vanhöld á stöku stað, t.d. voru skemmdir að koma í ljós fram eftir öllu sumri á barrtrjám í Þjórsárdal.

Laufgun í birkiskógum varð um 12. júní, en lauffall 25. sept. Enginn eða mjög lítil maður var í birkiskógunum hér sunnanlands í sumar. Lítil eða mjög slæmur vöxtur var á trjágróðri í sumar. Fræi af alaskalúpínu, var safnað á Þveráraurum eins og undanfarin ár, eftirtekjan var heldur léleg.

2. Starfsmannahald og greiðslur:

Allar kaupgreiðslur á árinu námu Kr. 360.150,00, þar af til fólks í Árnessýslu Kr. 150.646,00, fólks úr Rangárvallasýslu Kr. 74.443,00, og verkafólks úr Reykjavík Kr. 138.683,00. Tryggingaskildar vinnuvikur á árinu voru 173, til jafnaðar hefur því hver maður haft um Kr. 2082,00 á viku. Kaupgreiðslur einstaka mánuði urðu þannig, maí Kr. 23.024,00 júní Kr. 71.040,00, júlí Kr. 86.441,00, ágúst Kr. 87.454,00, september Kr. 42.022,00 og október Kr. 50.167,00.

Starfsfólk á árinu.

	<u>maí.</u>	<u>júní.</u>	<u>júlí.</u>	<u>ágúst.</u>	<u>sept.</u>	<u>okt.</u>	<u>samt.</u>
<u>karlar:</u>	5	12	12	10	9	8	56
<u>konur:</u>		1	1	1	1	1	5
<u>samt:</u>	5	13	13	11	10	9	61
	=====						

3. Girðingar:

20. maí var farið á Þórsmörk, til að lagfæra girðinguna. Farið var með allri girðingunni og lagfærðar vetrarskemmdir, en engir nýjir kaflar voru settir í hana að þessu sinni. Á Krossáraurum varð að setja girðinguna upp að nýju þar sem hún var tekin niður í fyrra haust, en nokkrum vandkvæðum var það bundið, þar sem áin lá mjög illa, enda kom það á daginn, því að í haust 23. okt. þegar farið var til að taka hana upp, hafði Hvanná tekið 200 m. kafla og sópað honum burt. Á næsta ári væri nauðsynlegt að byrja að endurnýja girðinguna í Hamraskógi, eins þarf nýtt efni á Krossáraura.

Allur kostnaður við girðinguna á Þórsmörk í sumar varð kr. 9988,75.

Í Þjórsárdal var farið til girðingarviðgerðar 4. júní og þá sett í árnar og gert við girðinguna að framanverðu, til að vera tilbúnir þegar fénaður fer að renna til afréttar. 25 júní var aftur tekið til við viðgerðina og þá að innanverðu og því lokið 3. júlí. Samanlagður viðhaldskostnaður á Þjórsárdalsgirðingu í ár kr. 29276,00. 19. ágúst var byrjað á nýrri girðingu á milli Ásólfstaða og Haga og unnið í henni þar til 13. sept. Girðingin sem er 3,3 km. liggur úr afréttargirðingu Flóamanna í Blakksdal að vestan og kemur í Þjórsá fyrir framan Bringur að austan. Girðingarstæðið var heldur slæmt, brattar brekkur, klappir og skorningar. Mikil vinna fór í að jafna undir girðinguna og vann jarðýtun 184 kl. að því, eins þurfti að bora með loftbor fyrir hverjum einasta staur á löngum köflum. Efni í girðinguna var mjög vandað, hornstaurar allir úr galvaniseruðum rörum, steiptir niður og fylltir með steypu, galvaníseraðir vinkilstaurar með 10 m. millibili og tvær renslur þar á milli, girðingarnet og einn strengur gaddavír undir, en tveir strengir ofaná. Við þessa girðingu var að öllu leiti lokið, nema hlið á þjóðvegnum undir Bringum. Allur kostnaður fyrir utan efni varð kr. 114120,-

16. september var byrjað á nýrri girðingu um Reykjahjáleiguland í Ölfusi og unnið í henni þar til 1. nóv. Girðingin sem kemur til með að verða rúm 4. km. varð ekki að fullu lokið, eftir eru rúm 800 m. og hlið. Girðingin liggur frá Reykjaskóla á túninu austur að landi Alpýðusambandsins, þar upp á Reykjafjall, vestur eftir fjallsbrúninni og á að koma niður af fjallinu fyrir vestan Reyki. Kaflinn á fjallinu var heldur slæmur, mikið ím klappir, sem vont var að bora, einnig er eitt gil uppi á fjallinu, sem búast má við að girðingin standi illa í. Efni í girðinguna svo og allur frágangur var mjög vandaður, eða samskonar og í Ásólfstaðagirðingu. Jarðýtun vann í 45. kl. við girðinguna. Mjög óhagstæð veðráttu

gerði það mikið að verkum að ekki var lokið við girðinguna í ár. Kostnaður varð samtals kr. 65469,00.

4. Skógarhögg og grisjun:

Grisjað var í Lambaholti meðfram Sandá fyrir austan Skriðufellsbæ um 12. ha. spilda, einnig var grisjað inn í Hvammsárdal Skriðufells megin 8. ha. Eins og undanfarin ár, voru svo að segja eingöngu notaðir sniðlar við grisjunina, því skógurinn er það stórvaxinn að vélsög verður varla viðkomið með góðum árangri nema á stöku stað. Grisjaðar voru brautir um 1,5 m. á breidd og limið lagt í beltið á milli brauta. Í Selhöfðum var klippt frá eldri gróðursetningum. Kostnaður við grisjun í Þjórsárdal varð kr. 77708,- eða kr. 3885,00 pr. hektara, það er lítið eitt hærra en í fyrra, en ekki meira en svarar til kauphækkana sem urðu á árinu.

5. Vegagerð:

Með jarðýtunni var í sumar lagður vegur frá Ásólfssstöðum og inn Hvammsárdal, um 1,5 km. á lengd, þessi spotti var að mestu malborinn og ók vörubifreiðin 493 km. vegna þessa. Í Selhöfðum voru vegirnir lagfærðir með jarðýtunni. Jarðýtan vann samtals 87 kl. að vegagerð í Þjórsárdal í sumar og kostnaður varð samtals kr. 16498,-.

6. Byggingar og viðhald húsa:

Í júlí voru vinnuskálarnir, sem staðið hafa undanfarin ár í Selhöfðum fluttir yfir í Hvammsárdal. Voru þeir staðsettir á skjólgóðum og fallegum stað Ásólfssstaða megin í dalnum. Eftir að búið var að koma þeim fyrir, voru þeir olíubornir að utan og gólfín einangruð með plasti. Kostnaður við flutninginn og lagfæringarnar varð kr. 15220,00. Unnið var að endurbyggingu á útiskúr við Skriðufellshús, en því var ekki lokið.

7. Gróðursetningar:

Í Þjórsárdal voru gróðursettar samtals 50.325 plöntur, af þessum plöntum var í fyrra haust farið með 5000 stk. rauðgreni (Bindal) uppeftir og þeim slegið þar niður til reynslu. Þessar plöntur voru ljómandi fallegar í vor og byrjuðu mun seinna að vaxa, heldur en plöntur sem komu frá Tumastöðum. Gróðursetningin hófst 10. júní og var lokið 25. júní. Allt gróðursett í ákvæðisvinnu 45 aura pr. stk. með bjúgskóflum, ágætlega gert. Ekkert var gróðursett síðsumars. Samanlagður kostnaður, þar í reiknað plöntuverð, verkstjórn o.fl. varð kr. 61.500,00 og verða það því kr. 1,22 pr. gróðursetta plöntu. Þess ber þó að geta að plönturnar sem fluttar voru uppeftir í fyrra haust voru ekki reiknaðar til verðs í ár.

Gróðursett var, 7325 stk. rauðgreni 3/3, (Bindal) 1500 stk. rauðgreni 3/3 (Rana), 2500 stk. rauðgreni 2/3 (R-K-E-D), 6000 stk. lerki 3/0 (Graunbunden), allar þessar plöntur voru frá Tumastöðum. Frá Vöglum voru sendar 33.000 stk. rauðgreni 3/3 (G-V-R-K). Öllu rauðgreninu var plantað í Lambholtið, en lerkinu í Selhöfða. 11. maí var farið með 10 poka af lúpínurótum upp í Þjórsárdal og þeim plantað á fjóra staði í dalnum, á aurunum suð-austur af Selhöfðum meðfram Sandá, í hraunið austur af Hallslaut, við hverinn hjá Rauðukömbum og í smá dalkvos fremst í Fossárdal.

Í vor var 600 gr. af lerkifræi sáð í framræstu mýrina fyrir ofan Lambaholtið, grasrótin særð í þúfum og fræinu sáð úr sáðkönnu. 22. júní voru gróðursettar að Reykjahjáleigu í Ölfusi 500 stk. stafafura 2/2 (Skagway), sauðfé komst í þá gróðursetningu og skemmdi hana. Að Ölvisholti var gróðursett 30. maí 1000 stk. lerki 3/0 (Graunbunden). Hjá Skógræktarfélagi Árnesinga, Snæfoksstöðum voru í vor gróðursettar 9200 bergfurur 3/0 (Ulstr.gaard) og síðsumars 2850 stk. rauðgreni 2/4 (R-K-E-D) og 5000 stk. stafafura 2/3 (Skagway).

8. Leiðbeiningar og ferðalög:

6-14 marz sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík. 20-22 maí fór ég ferð austur í V.-Skaftafellssýslu og fór í skógræktargirðingar þar. 18-19 júní til Vestmannaeyja, vegna gróðursetningar í Herjólfsdal. 16-18 ágúst á aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Akureyri. Margar ferðir í skóglendi Skógræktar ríkisins í Árnes og Rangárvallasýslum, vegna framkvæmda í þeim. Einnig var Skógræktarfélagunum og deildum þeirra hjálpað og leiðbeint við gróðursetningar o.fl. eins og tími vannst til.

9. Ýmislegt:

Mikið umstang og kostnaður er orðinn vegna ferðafólks í skóglendum skógræktarinnar, sérstaklega Þórsmörk og Þjórsárdal, enda safnast þangað fjöldi fólks um helgar. Um hvítasunnuna í vor safnaðist fjöldi unglunga í Þjórsárdal og hafði þar í frammi skrýlæti eins og frægt er orðið. Svæðið sem unglungarnir söfnuðust á var eftirá eins og stórorusta hefði verið háð á staðnum. Kostnaður við hreinsun eftir þessa einu helgi varð um kr. 3000,00. Á Þórsmörk er sömu sögu að segja, um verzlunarmannahelgina safnaðist þangað 4-5 þús. manns. Ég var þar ásamt 7 lögreglumönnum, sem höfðu ærið nóg að starfa. Umgengni var þar mjög slæm, eða álíka eins og í Þjórsárdal um hvítasunnuna. Kostnaður við að hreinsa Þórsmörk í sumar varð um 11 þús. kr. og verður að játa að betur hefði mátt gera, en kostnaðar vegna var það ekki hægt. Á Þórsmörk var lögð 500 m. löng 1/2" plastlögn, til að auðvelda fólki að ná í vatn. Salerni vantar á báða staðina 1. í Þjórsárdal en 2. á Þórsmörk. Samtals varð kostnaður vegna ferðafólks kr. 31.535,00. Í Múlakoti var eftirlitsmaður frá 15. júní til ágústloka. Stöðin var að mestu lokuð í sumar vegna þess hve illa fór í hretinu í vor.

Gróðrarstöðin á Tumastöðum.

Alment yfirlit: Laufgun birkiskjólbelta hér á Tumastöðum, var um 14. júní, en lauffall 19. september, laufgunin var hér með allra seinasta móti og stafar það af kuldakastinu, sem kom hér 9. apríl en þá gerði norðan rok og mikið frost, en frostið náði hámarki nóttina milli 10. og 11. apríl og mældist þá $-14,2^{\circ}\text{C}$ á Sáms^stöðum en það var jafnframt mesta frostið sem mældist þar í ár. Mælingin er gerð 1,5 m. frá jörðu, en það mun láta nærri því að vera um 3° heitara en við jörð, en ég hef dregið þessar 3°C frá í þessari skýrslu þegar ég tel upp frostnætur á tímabilinu maí-sept. Dagana 9.-11. apríl var vindhraðinn sem hér segir: 9. apríl N7, 10. apríl N8 og mestur 11. apríl N9 vindstig og er það þriðji mesti vindhraði sem mældur var á árinu, en að morgni 1. marz mældist ANA 12 vinds. og kvöldið áður S10 vindstig.

Ég læt hér á eftir fylgja veðurskýrslu frá Sáms^stöðum fyrir árið 1963 og ætti hún að gefa nokkra hugmynd um veðurfar hér á Tumast. þar sem svo stutt er á milli staða. Í skýrslunni er meðalhiti hvers mánaðar, lámarks meðalhiti kl. 8, hámarks meðalhiti kl. 20, fjöldi sólardaga, úrkoma m/m, fjöldi úrkomu daga og fjöldi daga þegar vindhraðin er 4 vindstig eða meiri, og þar fyrir aftan meðalh. úrkomu og úrkomudaga áranna 1928-1960 eða samtals 33ja ára tímabil, en að neðan meðaltal fyrir tímabilið maí-sept., ásamt hitasummu fyrir sama tímabil.

Frostnætur á tímabilinu maí-sept. voru sem hér segir: Í maí voru 19 frostnætur eða við frostmark, í júlí var frostn. 16. og 2 nætur við frostm., í ágúst var frostnótt þann 27. og í septemb. voru 17 frostnætur eða við frostmark, sú fyrsts nóttin milli 10.-11, september.

mánuður	meðalh. c	lám. kl. 8	hámark kl. 20	sólar dagar	regn. br.	snjór m/m	úrkomu- dagar	vindhr. 4v og yfir	meðalh. c. úrkoma m/m.	Meðaltal árinna 1928-1960.	
Janúar	0,1	-2,2	1,6	12	29,6	27,5	16	3	-0,3	105,2	18
Febr.	2,0	-0,4	3,3	11	32,5	42,0	6	9	0,2	94,8	15
Marz	5,4	2,8	7,8	15	90,2	9,2	15	10	1,8	92,3	15
Apríl	4,9	2,4	8,0	17	46,2	4,7	15	12	3,8	69,0	15
Maf	6,6	2,2	9,4	22	82,5	9,4	14	14	7,5	53,5	14
Júní	10,9	7,4	13,7	18	39,8	0,0	12	1	10,3	56,2	15
Júlí	11,8	7,2	15,4	24	57,4	0,0	12	11	12,1	65,8	17
Ágúst	10,8	7,1	13,8	20	37,1	0,0	16	3	11,2	89,3	19
Sept.	6,2	3,1	9,5	18	128,3	0,0	23	12	8,6	106,1	19
Okt.	5,4	3,0	8,2	12	148,5	0,0	26	9	4,8	128,3	19
Nóv.	-1,0	-3,8	1,2	11	90,0	13,7	8	11	2,4	111,4	17
Des.	2,4	0,3	3,7	2	50,1	37,8	18	5	1,0	107,0	19
Alls	65,5	29,1	95,6	182	832,2	144,3	181	100		1078,9	202
Meðalt.	5,5	2,4	8,0			81,4			5,3	89,9	
máf-sept.	9,3	5,4	12,4	102	354,5		77	41	9,94	370,9	84

Hitasuma máf-sept. 1418,2 c

1520,1

StarSMannahald. Vinna hófst í gróðrarstöðinni 1. apríl en lagðist svo niður á tímabilinu 9.-22. apríl vegna kuldana sem gerði þá, en lauk að mestu um mánaðarmótin sept.-Okt., en þó vann hér verkstjóri og annar maður til við að ljúka við vetrarumbúnaðin og voru þeir til áramóta

Allar kaupgreiðslur til starfsfólksins í gróðrarstöðinni námu kr. 376.559,15. Til fólks sem heima á í Fljótshlíðarhr. voru greiddar kr.234.213,31, en samtals til fólks, sem búsett er í Rangárvalla-sýslu voru greiddar kr. 323.021,09.

Starfsfólk á árinu.

<u>Mán.</u>	<u>jan.</u>	<u>feb.</u>	<u>marz</u>	<u>apr.</u>	<u>maí</u>	<u>júní</u>	<u>júlí</u>	<u>ág.</u>	<u>sept.</u>	<u>okt.</u>	<u>nóv.</u>	<u>des.</u>	<u>samt.</u>
<u>kon.</u>		1	2	7	12	10	9	5	1	1			48
<u>karl.</u>	1	2	2	3	5	6	4	4	4	2	2	1	36
<u>samt.</u>	1	2	3	5	12	18	14	13	9	3	3	1	84

Jarðvinnsla. Í vor var spilda sunnan íbúðarhúsins 3 reitur að ofan jafnaður, plægður og tættur, en í þessum reit virtist vera minni holklaki síðastliðinn vetur en annars staðar og er það vel skiljanlegt, því reitur þessi stendur herra en meiri hluti gamla reitsins. Í þennan reit var svo dreifplantað. Allir reitirnir sem voru auðir voru tættir eins og þurfa þótti, til að halda þeim illgresislausum. Opnir skurðir voru hreinsaðir og reint að láta vatnið ekki grafa sig innundir bakkana. Eftirlit var með frárennsli úr hnausa- og kílaplógs ræsum og fylgst með að op þeirra í opnu skurðina lokuðust ekki. Fenginn var traktor frá Ræktunarsamb. til að plægja hér í haust, og plægði hann 3 reiti samtals 14.675 m² og plægði hann það dýpra en við vorum áður færir um að gera.

Athugandi væri hvort ekki væri best að hafa þann þátt á er plægt er að láta jarðýtu ýta um 30 cm. ofanaf reitnum áður en reiturinn er plægður og ýta svo gróðurmoldinni yfir aftur, en með þessu fæst dýpri jarðvinnsla en áður hefur verið mögulegt að framkvæma, og þau verkfæri sem fær eru um að plægja þetta djúpt eru svo stór, að ekki er hægt að koma þeim við, vegna þess hversu litlir reitirnir eru, en þegar plægt er svona djúpt verður að gæta þess að ekki myndist dý og verður því sjálfsagt alltaf að plægja í skurði.

Áburður. Húsdýraáburður var ekki notaður í gróðrarstöðina í ár að öðruleiti en því að fengið var nautgripapvæg, og það borið sem auka áburður á dreifsetningu þessa árs, einnig var það borið á sáningar. Tilbúin áburður var notaður eins og áður. Tölverðu magni af húsdýraáburði var keyrt hingað frá ýmsum aðilum og sett í haug, og verður hann notaður næsta vor.

Sáningar. Byrjað var að sá 29. marz og var þá sáð hlyn og beyki, en aðal sáningin fór framm dagana 28.-31. maí og var að fullu lokið 6. júní. Beðin voru vökvuð með allylalkoholi 12 dögum fyrir sáningu og gafst það sæmilega. Um sáninguna er það að segja, að hún tókst að þyllu leiti vel að öðru leiti en því að sitkagrenið spíraði ekki sem skyldi og er því sú sáning gisin. Nú um áramótin lítur sáningin mjög vel út. 2 ára sáningar fóru mjög illa í vor og framfarir urðu litlar í sumar, nema á rauðgreni, en það óx vel í meðallagi, og það sama er að segja um 3/o sáningar.

Dreifsetning. Dreifsetning byrjaði 31. maí og lauk 29. júní með því að dreifsetja sitkagreni sem kom frá Hallormstað. Dreifsetningin tókst í allastaði vel, en þó var ekki um neina framför að ræða á sitkagreniplöntunum, og nokkur afföll urðu einnig á sitkagreni af því að vor skemmdirnar voru ekki allar komnar fram þegar dreifs. var. Sortering á dreifsetningarplöntum var mjög kostnaðarsöm af sömu ástæðum. Dreifsetning frá 1962 varð fyrir miklum skakkaföllum, og sama er að segja um eldri dreifsetningar. Hreinsun á dreifsetningar-

plöntum varð ^ú nokkuð mikil.

Skjólbelti. Syðsta skjólbeltið sem voru 5 raðir af alaskaösp og 1 röð af þingvíðir, var sagað niður við jörðu, en tré þessi misfórust í apríl veðrinu, skjólbeltiþetta var 265 m. á lengd. Annað skjólbelti að sunnan var rifið upp að mestu, en það var 160 m. langt og voru í því 2 raðir af þingvíðir og 3 raðir af sitkagreni og svo þriðja skjólbeltið, sem einnig er 160 m. langt með 2 röðum af þingvíði og 2 röðum af sitkagreni. Í þessum beltum var þingvíðirin klipptur við jörð en sitkagrenið fjarlæggt.

Í eldri gróðursetningunum í brekkunni voru skemmd tré grisjuð eins og fært þótti.

Byggingar. Allar byggingar á staðnum voru málaðar einu sinni, og verður haldið áfram að gera við þær á næsta ári, ef fjárráð leifa, en viðhald þeirra hefur verið áfátt og ekki verið gert nema það allra nauðsinlegasta. Einnig þarf að endurreisa verkstæðið sem komið er að falli og átti að rífa það í sumar, en þar sem ekki var hægt að hefja byggingar framkvæmdir á árinu, var það látið standa, en vonandi verður hægt að hefja framkvæmdir við að endurreisa það á næsta ári.

Í gömlu hlöðuna voru settar upp hillur og verður hún notuð til geymslu á plöntum í plastpokum, og er vonandi að sú aðferð takist vel, en það sem helst háir því er að mínum dómi það, hversu seint er hægt að byrja að gróðursetja, því hinir ýmsu aðilar eru oft ekki tilbúnir að taka á móti plöntunum fyrr en síðari hluta júnímánaðar en þá er geymslutíminn orðin of langur.

Kælikerfið var notað í vor eins og verði hefur, og var búið að taka upp rauðgreni sem fara átti til dreifsetningar, og setja það í kælinn fyrir kuldakastið, og einnig um 1500 stk. af alaskaösp sem fara átti í sölu.

Ekkert var sent út úr stöðinni af greni, þin eða þöll nema rauðgreni, vegna þess hve miklar skemmdir urðu á þessum tegundum í kuldakastinu, og voru skemmdir að koma í ljós frameftir öllu sumri.

Af sáðbeðskössum eru til 2700 m² og af vermireitagluggum eru til 772 stk. eða 1152 m², en á árinu voru fengnir 150 stk. eða 225 m², en nokkuð hefur gengið úr sér af elstu gluggunum.

Af skjólgrindum sem eru 1 m. á hæð eru til 972 lengdarm. og af 75 cm. háum skjólgrindum 2142 lengdarm.

Sáningar:

Sitkagreni Homer B-580	2,50 kg.	117,0 m ²
Rauðgreni Stjörðal B-579	2,70 -	205,5 -
Kínagreni Sakhalin B-575	0,25 -	28,5 -
Stafafura Barkerville B-585	1,00 -	75,0 -
Bergfura Pyr. B-584	2,00 -	28,5 -
Fjallapínur Wansa Lake B-541	0,30 -	9,0 -
Síberífulerki Arkangelsk B-583	4,00 -	87,0 -
Douglasgreni Bluberry B-564	0,40 -	7,5 -
Douglasgreni L 2433 B-566	1,00 -	12,0 -
Birki Bæjarstað B-561	1,60 -	129,0 -
Hlynur		9,0 -
Beyki		<u>3,0 -</u>
	<u>Samtals 15,75 kg.</u>	<u>711,0 m²</u>

Dreifsetning 1963.

Sitkagreni Seward B-466 3/o	92.800 stk.
Sitkagreni Seward B-465 2/1	1.800 -
Sitkagreni frá Hall.	33.700 -
Rauðgreni N.T.Ytre B-429 3/o	137,900 -
Rauðgreni Bússlandi B-485 3/o	<u>5,900 -</u>
	<u>Samtals 272.100 stk.</u>

Dreifsettar garðplöntur 1963.

Þingvíðir	7.800	stk.
Alaskaösp	5,500	-
Ribs	4,000	-
Sólber	1.400	-
Viðja	4.800	-
Birkikvistur	4.300	-
Rauðtoppur	2.100	-
Aðrartegundir	<u>4.100</u>	-

Samtals 34.000 stk.
=====

Plöntur til dreifsetningar 1964.

Rauðgreni Nord Tr. Ytre B-429 3/0	600	stk.
Rauðgreni Rissa B-530 3/0	18.000	-
Rauðgreni Rissa B-530 2/0	213.000	-
Sitkagreni Seward B-466 3/0	7.600	-
Sitkagreni Homer B-548 2/0	10.100	-
Sitkagreni Homer B-522 3/0	2.000	-
Sitkabastarður M. Pass B-523 3/0	1.000	-
Lerki Ark. B-573 2/0	18.700	-
Lerki Arkang. B-583 1/0	<u>54.000</u>	-

Samtals 325.000 stk.
=====

Plöntur til afhendingar 1964.

Sitkagreni ýms kvæmi 2/3	15.000 stk.
Rauðgreni V.V.Bindal B-427 2/3	14.400 -
Stafafafura Skagway B-444 2/3	4.400 -
Evrópulerki Graub. B-463 2/2	<u>1.000 - 34.800 stk.</u>

Síðsumar.

Stafafura Skagway B-462 2/2	20.900 stk.
Stafafura Alberta B-468 2/2	6.600 -
Sveigfura Montana B-453 3/2	250 -
Fjallapöll Lawing B-409 3/2	<u>700 - 28.450 -</u>

Samtals 63.250 stk.
=====

Garðplöntur til afhendingar .

Reyniviður úrval	800 stk.
Alaskaösp 50-60 cm.	1.800 -
Þingviðir	<u>3.200 -</u>

Samtals 5.800 stk.
=====

Afhentarplöntur 1963.

Rauðgreni Rana 3403-100-51 3/3	2.155 stk.
Rauðgreni Bindal B-378 3/3	2.325 -
Rauðgreni R.K.E.D. B-329 2/3	5.560 -
Sitkagreni Seward 102-100-56 3/3	450 -
Bergfura Ulstrg. B-467 3/0	11.950 -
Stafafura Skagway B-444 2/2	9.100 -
Rússalerki Onega 3654- -56 3/3	1.000 -
Lerki Sviss 3/3	420 -
Evrópulerki Graubunden B-463 3/0	9.120 -
Hvítþinur Sapinero 2400-3000-55 3/4	<u>270 -</u>

Samtals 42.350 stk.
=====

Afhentar garðplöntur 1963.

Reyniviður	80 stk.
Birki	350 -
Alaskaösp	833 -
Gráreynir	130 -
Álmur	1225 -
Ribs og sólber	130 -
Þingvíðir	355 -
Aðrarteg.	129 -
Lúpínurætur	<u>2000 -</u>
Samtals	5232 stk.
=====	

Selfossi 31. desember 1963.

E. Þorsteinsson